

Útskriftarræða

Kæru kennarar, starfsmenn, nemendur og aðrir gestir.

Erika Rún Heiðarsdóttir heiti ég og fékk þann heiður að halda ræðu fyrir hönd útskriftarnema í ár. Ég vil byrja á því að óska öllum sem hér sitja til hamingju með áfangann og þakka ykkur hinum kærlega fyrir að koma og gleðjast með okkur.

Síðustu vikurnar hef ég verið sérstaklega jákvæð... ekki í þeim skilningi að ég sé yfirleitt neikvæðheldur hef ég sagt **já** við ótrúlegustu hlutum.

Til dæmis að standa hér og flytja smá ræðu. Ástæðan er einfaldlega sú að hér hef ég lært að maður á að taka þau tækifæri sem bjóðast og nýta þau. Í hvert sinn sem við fáum tækifæri á að stíga út fyrir þægindarammann höldum við áfram að þroskast.

Það eru blendnar tilfinningar sem fara í gegnum huga minn þessa stundina. Síðustu þrjú ár hafa verið skemmtileg, fræðandi, krefjandi og umfram allt mjög eftirminnileg. Ég hef kynnst fullt af frábæru fólki, bæði samnemendum og starfsfólki skólans. Þessi síðasta önn hefur reyndar verið "eitthvað annað" eftirminnileg, þar sem covid hefur verið mál málanna og truflaði okkur töluvert í öllu okkar skipulagi.

Ég er mjög ánægð með þá ákvörðun að hafa valið að ganga í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Það að geta stundað nám í þessum skóla, með yndislegum samnemendum og kennurum auk þess að geta búið heima hjá mömmu og pabba aðeins lengur - eru forréttindi að mínu mati.

Eins og alþjóð veit hafa síðustu vikur verið MJÖG skrítnar og krefjandi, vegna þessara fordæmalausu tíma sem heimurinn er að ganga í gegnum. Við hefðum að sjálfsögðu viljað eyða síðustu vikunum og skóladögunum okkar hér saman en því miður var það ekki hægt og hafa því allir setið myglaðir við tölvuna og unnið heima.

Eins og ég kom inn á áðan eru þetta skrítnir tímar, við höfum ekki getað fagnað þessum áfanga eins og planað var. Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga hefur því líklegast **aldrei** verið jafn rólegur dimmiterngarhópur og verður líklega **ekki** í náinni framtíð. En við spöruðum okkur reyndar peninginn, þar sem við þurftum ekki að kaupa neina búninga – þetta er það sem Stærðfræði daglegs lífs hefur kennt okkur !!!

En þrátt fyrir að við fáum ekki að upplifa það sem flestir hafa gert sem sagt að dimmitera, halda lokaball og fara í útskriftarferð munum við pottþétt finna upp á einhverju öðru skemmtilegu til að gera þegar þessir fordæmalaus tímar eru liðnir. Við getum t.d. öll verið sammála um að þetta verður mjög eftirminnileg útskrift og þegar við verðum orðin gömul og kannski smá gleymin spyrjum við bara hvaða ár Covid setti allt á hliðina á Íslandi og þá munum við hvenær við útskrifuðumst 😊

Við stúdentar erum mjög þakklát fyrir alla þá yndislegu kennara og starfsfólk skólans sem hafa hjálpað okkur í gegnum þessi ár til að ná þessum áfanga. Sú elja sem kennararnir hafa haft, svo ég tali nú ekki um óþrjótandi þolinmæðina og trúna á okkur – hefur skipt sköpum. Því hver hefur ekki upplifað það að vilja fara styttri leiðina, rumpa þessum verkefnum af og jafnvel að lesa ekki fyrirmælin sem okkur voru gefin. En í dag vitum við og höfum lært að góð vinnubrögð eru rétta leiðin til árangurs.

Við höfum öll stefnt að því að gera okkar besta og klára þetta nám hér með sóma en ég verð að viðurkenna að það læðist einnig að mér smá kvíði yfir því að yfirgefa þennan skóla – **minn skóla** - og hverfa inn í fjöldann sem er í háskólanum. Ég vil meina að það sé hvergi hægt að finna jafn persónulegt og náíð skólasamfélag og hér.

Til að hjálpa mér við undirbúning á þessari ræðu spurði ég samnemendur mína um þeirra helstu minningar héðan:

Við vorum öll sammála því að þó að það sé gaman og hressandi að mæta í skólann, þá er fátt betra en að vakna við sms frá Óla húsverði - um að það sé óveðurs dagur og akstur falli niður - þá er rúmið og heit sængin málið. Maður hefur samt alveg lent í því að vera klæddur og á leiðinni út þegar sms-ið kemur, því gæti ég alveg trúað því að Grundararnir hafi einhvern tíman lent í því að koma að tómu húsi. **Þar sem þau eru ekki á VIP listanum hjá Óla.**

Í þessu samhengi velti ég því fyrir mér hvort Óli hafi ekki örugglega lokið upplýsingatækni hjá Lofti?

Ég tók einnig eftir því í svörum samnemenda minna að það voru ekki að stóru viðburðirnir sem voru þeim efst í huga í minningunni - heldur litlu hlutirnir eins og ;

spjallið í matnum,
skemmtilegu áfangarnir,

fatastíll ákveðinna kennara,
sætar syndir mátráðanna,
bláu sófarnir og góðu draumarnir þar,
þreytan í bílnum á leiðinni í skólann,
og ekki má gleyma Teslunni hennar Hrafnhildar okkar....

Áður en ég sleppi orðinu vil ég fá að þakka mömmu og pabba sem ávallt hafa staðið við bakið á mér og stutt mig í gegnum allt, sama hvað !
Svo auðvitað vil ég þakka samnemendum mínum fyrir frábær ár hér í FSN og óska þeim gæfu og gengis.
Enn og aftur til hamingju stúdentar!!

Takk fyrir mig